

# ÁRSSKÝRSLA

**Skógarvarðarins á Vesturlandi 1989**

# Á R S S K Ý R S L A

1 9 8 9

## 1. VEÐURFAR.

Veðurinn var, mildur framan af, eða til jóla. Þá fór að snjóa og hélst svo allar götur fram í marsmánuð. Gífurleg snjóalög voru á Vesturlandi og Vestfjörðum, og ollu þau miklum vandræðum og tjóni. Veðurinn var á þessum slóðum 1°–2° kaldari en í meðalári.

Vorið var kalt og snjóa leysti afar seint. Hiti var víðast hvar um 2° undir meðallagi og úrkoma víða tvö- eða þreföld meðalúrkoma.

Sumarið var í heild óhagstætt, hitinn frá 1/2° til 1° undir meðallagi og bæði úrkomusamt og drungalegt.

Haustið var hagstætt og hiti og úrkoma í meðallagi.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

Skógur laufgaðist óvenjulega seint, t.d. má segja að Jafnaskarðsskógur hafi ekki verið allaufgaður fyrr en 17. júní. Hinn 25. og 26. september gerði mikið hvassviðri og sleit þá mikið lauf af skóginum. Áfallinn var hann viku af október.

Eins og að líkum lætur urðu víða miklir snjóskaðar. Sumsstaðar gereyðilögðust litlir trjálundir. Í Skógum í Þorskafirði urðu mjög miklir skaðar, einkum á lerki og greni.

Trjávöxtur var með minna móti og fræfall lítið á birki og frægæðin lítil.

Furulúsin veldur okkur áhyggjum, og finnst okkur sem að hún kunni að fara að valda tjóni á stafafurrunni. Skordýrafræðingar á Mógilsá hafa ennþá ekki fengist til þess að leggja leið sína um þessar slóðir.

## 3. Starfsfólk.

Að venju hófst útgerðin um mánaðarmótin maí–júní, eða þegar skólunum lýkur. Starfsmenn voru 7–8 auk verkstjóra og ráðskonu. Í júlí var okkur skipað að segja öllu lausráðnu fólki upp. Þetta kom sér ekki vel og mæltist mjög illa fyrir. Ekki síst þegar fréttist, að þetta var ekki látið ganga jafnt yfir allar deildir stofnunarinnar. Vonandi er, að eitthvað þessu líkt komi aldrei fyrir aftur.

#### 4. GIRÐINGAR.

Eins og við mátti búast fóru girðinga víða illa vegna snjóþyngsla. Viðhaldsvinna var með meira móti. Engar nýjar girðingar voru settar upp.

#### 5. SKÓGARHÖGG.

Talsvert var grisjað í Jafnaskarðsskógi, einkum sitkagreni og sitkabastarður. Þá var að vanda grisjað nokkuð hjá Kaupfélagi Borgfirðinga í Norðtunguskógi.

Jólatré voru tekin færri en oftast áður, eða sem hér segir:

Stærð, cm.	Rauðgreni	Stafafura
70 - 100	10	3
101 - 125	34	5
126 - 150	34	7
151 - 175	27	5
176 - 200	7	-
201 - 250	3	-
250 - 300	2	-
Samtals	<u>117</u>	<u>20</u>

Þá voru teknir 150 furutoppar. Andvirði þeirra og trjáanna var samtals kr, 124.220. Seldir voru 51 pokar af arinnviði.

#### 6. Gróðursetning.

##### Á Hreðavatni:

Birki 1/0, Skaftafelli .....	26.000	
Blágreni 1/0, George Creek .....	1.000	
Hvítgreni 1/0, Anchorage .....	1.100	28.100

##### Í Litla-Skarði:

Hvítgreni 1/0, Anchorage.....	5.800	5.800
-------------------------------	-------	-------

##### Á Hörðubóli:

Blágreni 1/0, George Creek .....	1.000	1.000
----------------------------------	-------	-------

Samtals 34.900

Meðfram vatnsbakka á Hreðavatni voru settir 150 græðlingar af alaskaösp og 750 græðlingar af alaskaviði.

## **7. HIRÐING.**

Farið var um allt svæðið kringum Miðmorgunnsborg og Efri- og Neðri-Borgardali, en þarna var gróðursett mikið af rauðgreni árið 1958. (Búnaðarbankagróðursetningin). Þetta rauðgreni fór afar illa eftir kalda sumarið 1979. Margt var höggvið en annað snyrt.

## **8. BYGGINGAR.**

Ýmsar umbætur voru gerðar á skemmunni, og er þar nú ágætis aðstaða til geymslu og viðgerða.

Málaðir voru allir gluggar og vindskeiðar á Hreðavatni.

Donir stóðu til þess að hægt væri að gera upp gamla íbúðarhúsið í Litla-Skarði, en þegar til átti að taka reyndust fúaskemmdir svo miklar, að ekki þótti fært að fara út í það. Þá var ákveðið að breyta skemmunni í Litla-Skarði í orlofshús fyrir starfsmenn S.r. og Landbúnaðarráðuneytisins. Var hún klædd nýju timbri að utan og nýir gluggar og hurðir settar. Keypt var öll einangrun og loft- og veggklæðning. Ekki er enn ákveðið hvenær haldið verður áfram. Sýnt er að húsið getur orðið hið vistlegasta. Það er vel í sveit sett og aðstaða til útivistar hin ágætasta.

## **9. ÝMISLEGT.**

Ferðalög voru með minna móti. Nokkrar ferðir í Dali og Snæfellsnes og tvær ferðir um Vestfirði. Hjálpaðist hvorttveggja að, leiðinlegt tíðarfar og knappur fjárhagur. Vonandi rætist úr hinu síðarnefnda með nýrri yfirstjórn. Einkum er brýnt að sinna girðingum í Dölum betur en gert hefur verið.

Mesihili or asin koma a b Seuratsi sum i Vestur landamendruni or 3 i Dorum landskildrun 1989

Stærkur	Jan.	Feb	Mars	Apr.	Mai	Juni	Juli	Aug	Sept	Ok.	Nov.	Des	Juni- Sept	Áris	Ít- koma
Stöðvæðing (Hunnar)	÷ 1.8	÷ 4.6	÷ 2.6	0.4	4.4	8.8	10.0	9.6	6.5	4.5	0.2	÷ 1.4	8.7	2.8	843
Styðjuleikunur	÷ 0.9	÷ 3.5	÷ 1.7	0.9	4.0	8.3	9.8	9.5	6.8	4.9	2.1	0.1	8.6	3.4	994
Flussveður, Del.	÷ 1.4	÷ 4.5	÷ 2.6	0.4		8.7	9.9	9.4	6.7	4.3	0.7	÷ 0.9	8.7	2.9	655
Flöð, Þinnaf.	÷ 1.8	÷ 5.1	÷ 2.7	0.2	3.3	8.3	9.6	9.1	6.1	4.2	1.4	÷ 0.7	8.3	2.7	1147
Ösug, Þaki djúpi	÷ 1.8	÷ 4.7	÷ 2.7	0.2	3.2	7.6	9.5	8.8	6.0	3.9	1.5	÷ 1.2	8.0	2.5	519
Flöðumun, Kúlf.	÷ 2.9	÷ 5.8	÷ 3.7	÷ 1.5	2.5	6.6	9.5	8.6	6.2	4.0	0.4	÷ 1.2	7.7	1.9	612
Flussvegi	÷ 1.1	÷ 4.2	÷ 2.2	0.2	4.7	9.7	12.2	10.0	7.0	3.7	÷ 0.1	÷ 1.0	9.7	3.2	740
Egilsstöðin	÷ 0.5	÷ 3.5	÷ 1.9	1.4	4.9	8.6	12.4	9.8	7.2	3.4	0.1	÷ 1.0	9.5	3.4	1025
Þell, Áness.	÷ 1.4	÷ 4.2	÷ 1.9	0.5	4.2	8.6	9.4	9.9	6.3	4.2	0.8	÷ 1.0	8.6	3.0	1237

A Bætur i Norðurland (maði þar ið þessum) or internunnað. þess málið 1278mm iðk.